



HeartSine™

samaritan® PAD  
NOTENDAHANDBÓK



**H017-001-050-2**

## **ICELANDIC**

Upplýsingar þær sem koma fram í þessu skjali geta breyst fyrirvaralaust og fela ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu HeartSine Technologies. Handbók þessa má eigi afrita með nokkrum hætti, hvorki rafrænum né vélrænum, svo sem ljósritun og upptöku í hvaða tilgangi sem er, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis HeartSine Technologies.

Copyright© 2006 HeartSine Technologies. Allur réttur áskilinn.

“samaritan®” er skráð vörumerki HeartSine Technologies.

“Saver™”, og “SCOPE” eru vörumerki HeartSine Technologies.

Öll önnur vörumerki og skráð vörumerki eru eign eiganda hvers þeirra fyrir sig.

### **VARÐANDI ÞESSA ÚTGÁFU**

Upplýsingarnar í þessari handbók eiga við HeartSine Technologies samaritan® PAD sjálfvirkt hjartarafstuðtæki. Upplýsingar þær sem koma fram í þessu skjali geta breyst fyrirvaralaust og fela ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu HeartSine Technologies.

**EFNISYFIRLIT**

Mögulegar PAD stillingar	4
Samanburður á leiðbeiningum um endurlífgun (CPR)	4
<b>Inngangur</b>	
Skyndilegt hjartastopp	5
Hjartataktur	5
Greining tifs Marknotendur	5
Þjálfun	5
<b>Samaritan® PAD búnaðurinn</b>	
PAD búnaðurinn tekinn úr umbúðunum	6
Eiginleikar PAD	6
Til athugunar	6
<b>Undirbúningur fyrir notkun</b>	7
Uppsetning	7
Hvar er best að geyma PAD búnaðinn	7
<b>Sjálfspróf</b>	8
Að skipta um Pad-Pak	8
Umhirða	8
<b>Stöðuljós</b>	9
Mjúk taska	9
Þríf	9
<b>Hvernig á að nota PAD búnaðinn</b>	10
Aðgerðir fyrir rafstuð	10
Undirstöðuatriði endurlífgunar (CPR)	10
Leiðbeiningar varðandi endurlífgun (CPR)	11
<b>Að gefa rafstuð</b>	12
Kynning, skref fyrir skref	12 -
15	
<b>Eftir notkun PAD búnaðarins</b>	16
Bilanaleit	16
<b>Aðvaranir</b>	17
Að tilkynna um slys	17
<b>Orðalisti</b>	18
Skammstafanir	18

**Tákmyndir sem notaðar eru í handbókinni**

ATHUGIÐ



AÐVÖRUN



RADDSKIPUN


ÞAÐ SEM ÞARF AÐ  
GERA



## MÖGULEGAR SAMARITAN® PAD STILLINGAR

HeartSine Technologies býður þér upp á algjörlega stillanlegt samaritan® PAD kerfi sem gerir þér kleyft að fylgja eftir völdum SCA meðferðarformum. Hægt er að stilla nýjasta búnað okkar þannig að hann passi við útgáfu 2000 eða 2005 af AHA/ERC leiðbeiningunum um endurlífgun (CPR) og hjartalífgun (ECC).

Þú ættir að hafa hlotið þjálfun með viðeigandi útgáfu af AHA/ERC leiðbeiningunum og við stillingu búnaðarins. Hafðu samband við HeartSine eða HeartSine dreifiaðila til að fá frekari upplýsingar.



### LEIÐBEINGAR UM ENDURLÍFGUN (CPR) FRÁ 2005 MIÐAÐ VIÐ ÞÆR FRÁ 2000

Í desember 2005 gáfu bæði Bandarísku hjartasamtökin (Bandarísku hjartasamtökin, AHA) og Evrópska endurlífgunarráðið (European Resuscitation Council, ERC) út nýjar leiðbeiningar fyrir endurlífgun (CPR) og hjartalífgun (ECC) í samstarfi við Alþjóðlega endurlífgunarnefnd (International Liaison Committee on Resuscitation, ILCOR). Þessar leiðbeiningar frá 2005 koma í stað fyrri leiðbeininga sem gefnar voru út árið 2000 og í þeim felast nokkrar breytingar hvað varðar ráðlagðar aðferðir, bæði við endurlífgun (CPR) og notkun sjálfvirkra hjartarafstuðtækja. AHA/ERC leiðbeiningarnar frá 2005 eru byggðar á nýjstu rannsóknum og veita upplýsingar um þær aðferðir sem taldar eru ákjósanlegastar af AHA og ERC, en báðar stofnanirnar taka þó fram að leiðbeiningarnar frá 2000 feli í sér öruggar upplýsingar hvað varðar meðferð sjúklinga með skyndilegt hjartastopp (SCA).

### Helstu breytingar á meðferð með rafstuði frá 2000 til 2005:

Meðhöndla skal sleglatíff/púlslausan sleglahraðtakt (VF/VT) með einu stuði og síðan skal tafarlaust hefja endurlífgun (CPR) á ný (2 blástrar og 30 hnoð). Ekki endurmeta takt eða leita að púls. Eftir 2 mínútna endurlífgun CPR (= 5 sinnum 30:2), skal athuga taktinn og gefa annað stuð (ef á þarf að halda). Ráðlagður upphafskraftur fyrir tvífasa rafstuðtæki er 150J-200J. Annað og síðari stuð mega vera 150J eða kröftugri. Í leiðbeiningunum frá 2000 var ráðlagt að gefa allt að 3 stuð og síðan endurlífgun (CPR) í 1 mínútu (15 hnoð fyrir 1 blástur). Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðum AHA og ERC. Samaritan® PAD var framléiddur árið 2006 og getur fengið í samræmi við AHA/ERC leiðbeiningarnar frá 2005 eða 2000 eftir því sem notandinn óskar.

## INNGANGUR

HeartSine samaritan® PAD er sjálfvirk rafstuðtæki (AED) sem er notað til hraðvirkar rafstuðmeðferðar við endurlífing einstaklinga með skyndilegt hjartastopp (SCA).

### Skyndilegt hjartastopp (SCA)

Skyndilegt hjartastopp er ástand þar sem hjartað hættir skyndilega að dæla blóði á eðlilegan hátt vegna bilunar í rafkerfi hjartans. Öft upplifa einstaklingar sem fá SCA engin aðvörunarkerfi eða einkenni. SCA getur einnig komið fyrir einstaklinga sem þegar hafa verið greindir með hjartaáfalli. Lífing einstaklings sem upplifir SCA veitur á því hvort tafarlausa endurlífing (CPR) er til staðar. Notkun rafstuðtækis á fyrstu mínútunum eftir að áfallið verður getur bætt verulega líkur sjúklings á að lifa af. Hjartaáfall og SCA er ekki það sama þó hjartaáfall geti stundum leitt til SCA. Ef þú finnur fyrir einkennum sem benda til hjartaáfalls (sársauka, þrýstingi, mæði, þrýstingur fyrir þrjú eða annars staðar í líkamnum) skaltu leita læknishjálp tafarlaust.

### HJARTATAKTUR

Eðlilegur rafaktur hjartans, þegar hjartavöðvinn dregst saman til að gera blóðinu kleift að renna um líkamann, kallast eðlilegur sinustaktur (NSR). Sleglatífi (VF) kemur til vegna óreglulegra rafboða hjartans og er oft orsök fyrir SCA, en gefa má rafstuð til þess að koma á eðlilegum sinustakti á ný. Þessi meðferð nefnist rafstuðsmeðferð. Samaritan® PAD er búnaður sem er hannaður til að greina sleglatífi (VF) á sjálfvirkan hátt og gefa einstaklingum sem fengið hafa skyndilegt hjartastopp rafstuð.

### GREINING TÍFS

Hægt er að kanna rafaktinn sem gerir hjartavöðvanum kleift að dragast saman og nota hann til læknisfræðilegrar greiningar. Þannig fæst svokallað hjartalínurit (ECG). PAD búnaðurinn er hannaður til greiningar á hjartalínuriti sjúklings til að hægt sé að finna sleglatífi (VF) í hjartanu. Ef sleglatífi (VF) finnst mun samaritan® PAD gefa frá sér vandlega stýrðan rafstraum sem ætlað er að stöðva óreglulega rafvirkni sem kom fram í hjartavöðva meðan á SCA stóð. Þetta getur orðið til þess að sinustaktur í hjarta viðkomandi einstaklings verði eðlilegur á ný.

### MARKNOTENDUR

Ætlunin er að samaritan® PAD búnaðurinn notist af þeim sem þjálfun hafa hlotið við notkun hans. Mælt er með að hver sá sem hugsanlega mun nota hann hljóti þjálfun í skyndihjálp (CPR), endurlífing (ECG) og/eða við notkun AED (sérstaklega við notkun samaritan® PAD).

Mörg þjálfunaryfirritæki bjóða upp á kennslu sem er blanda af CPR og notkun rafstuðtækis (CPR-D). Lengd kennslu og smáatriði í námsefninu geta verið mismunandi en yfirleitt tekur grunnkennsla ekki lengri tíma en einn dag. Ef þú óskar eftir upplýsingum um hvernig hægt er að fá þjálfun skaltu hafa samband við næsta dreifaðila eða beint við HeartSine Technologies.

### ÞJÁLFUN

SCA er ástand sem kallar á tafarlausa, læknisfræðilega neyðarmeðhöndlun. Vegna kringumstæða slíks ástands getur þess háttar meðhöndlun farið fram áður en leitað er til læknis. Til að hægt sé að greina ástandið á réttan hátt mælir HeartSine með þeirri grundvallarreglu að allir hugsanlegir notendur samaritan® PAD búnaðarins hljóti þjálfun í endurlífing (CPR), grunnendurlífing (BLS) og einkum við notkun sjálfvirkis rafstuðtækis, sérstaklega PAD búnaðar. Einnig er mælt með að þjálfun sé halið við með reglulegri upprifunarkennslu á þeim tímum og með því móti sem sá sem sá aðili sem þjálfunina veitir mælir með. Ef hugsanlegir PAD notendur hafa ekki hlotið þjálfun við slíka tækni skaltu hafa samband við næsta HeartSine söluáðila eða beint við HeartSine sem getur séð til þess að þjálfun sé veitt. Annars skal hafa samband við heilbrigðisdeild staðaryfirvalda til að fá upplýsingar um löggild þjálfunaryfirritæki á hverjum stað.



### Samaritan® PAD búnaðurinn á að notast af einstaklingi sem hefur hlotið þjálfun við notkun hans.

Í þakkingunni er að finna þjálfunarefni til að kynna PAD búnaðinn fyrir einstaklingum sem hafa hlotið þjálfun við notkun AED tækis.



Takmörkuð gögn liggja fyrir um atvik þar sem einstaklingar með lítil þjálfun hafa notað rafstuðtæki heima við. Ekki er ljóst hvaða öryggisvandamál gætu komið upp við notkun rafstuðtækis við slíkar kringumstæður.



“Fáðu upplýsingar hjá heilbrigðisdeild staðaryfirvalda um hugsanlegar kröfur varðandi eign og notkun rafstuðtækja á þeim stað þar sem ætlunin er að nota tækið”.



## SAMARITAN® PAD BÚNAÐURINN

### ÞEGAR SAMARITAN® PAD BÚNAÐURINN ER TEKINN UPP



Opnaðu ytri kassann. Fjarlægðu PAD búnaðinn og alla fylgihluti.

- ▶ Fylltu út tryggingar-/skráningarspjaldið og sendu það til HeartSine Technologies.
- ▶ Lestu notendahandbókina.
- ▶ Farðu yfir þjálfunarefnið sem fylgir vörnunni (USA).
- ▶ Gakktu úr skugga um að allir hugsanlegir notendur hafi hlotið viðeigandi þjálfun.
- ▶ Taktu HeartSine samaritan PAD búnaðinn í notkun.

### TIL ATHUGUNAR

HeartSine Technologies eða löggiltum dreifiaðila þess er ekki skylt að sjá um þjónustu/viðgerðir meðan trygging gildir ef:

1. Óheimilar breytingar hafa verið gerðar á búnaðinum.
2. Aðrir hlutar en staðalbúnaður eru notaðir.
3. Notandinn hefur ekki notað búnaðinn samkvæmt fyrirmælum um notkun eða leiðbeiningum í þessari handbók.
4. Raðnúmer tækisins hefur verið fjarlæggt, afmyndað, misnotað eða því breytt.
5. Búnaðurinn, rafskaut eða rafhlöður eru geymd eða notuð utan reglubundins umhverfis.
6. Pad-Pak™ þakningu er ekki skilað.

Kröfur sem gerðar eru á gildistíma tryggingar skal setja fram beint við söluaðilann sem búnaðurinn var keyptur af. Söluaðilinn mun krefjast kvittunar fyrir sölu áður en hann getur þjónustað búnaðinn á gildis-tíma tryggingar. Varan þarf að hafa verið notuð í samræmi við notendahandbókina og í þeim tilgangi sem hún

var hönnuð til. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband við [support@HeartSine.com](mailto:support@HeartSine.com) til að fá aðstoð.

### EGINLEIKAR SAMARITAN PAD



**7 year PAD warranty**  
3 ár frá framleiðsludegi

### GAGNATENGI



### Gagnastjórnunarpakki (valmöguleiki)



Saver hugbúnaður & USB snúra

## SAMARITAN® PAD BÚNAÐURINN UNDIRBÚINN FYRIR NOTKUN

### PAD-PAK™ UPPSETNING

Pad-Pak™ inniheldur rafhlöðuna og rafskautaskífur fyrir rafstuð í einni vöru. Þannig er aðeins ein fyringardagsetning fyrir hvort tveggja, sem auðveldar umsjúlu tækisins.

#### UPPSETNING 1



Taktu Pad-Pak™ úr pakkningunni.

Komdu PAD búnaðinum ásamt Pad-Pak™ fyrir á flötu yfirborði.



Þrýstu Pad-Pak™ inn í opið og hlustaðu eftir smelli sem staðfestir að því sé komið fyrir á réttan hátt.

*Þegar búið er að setja Pad-Pak™ upp á réttan hátt fara PAD STÖÐULJÓSIN að blinkka á 5 sekúndna fresti.*

#### UPPSETNING 2

ATHUGAÐU HVORT BÚNAÐURINN virkar á sem bestan hátt.



- ▶ ÞRÝSTU á ON takkann. Gakktu úr skugga um að þú heyrir raddskipunina:

#### ▶ **Kallaðu á læknishjálp**

#### ▶ **Fjarlægðu fatnað af brjosti sjúklings þannig að ber húð sjáist**



- ▶ Slökktu á búnaðinum með því að þrýsta á OFF takkann

#### UPPSETNING 3



Komdu samaritan® PAD fyrir í mjúku töskunni. Ef þú óskar eftir annars konar flutningstösku skaltu hafa samband við HeartSine eða dreifaðila.

#### UPPSETNING 4



Komdu búnaðinum fyrir í veggghirslu eða á öruggum og áberandi stað.

*Veggghirslur geta verið mismunandi eftir löndum. Fáðu upplýsingar hjá HeartSine eða löglegum dreifaðila.*

### HVAR ER BEST AÐ GEYMA PAD BÚNAÐINN

PAD búnaðinn ætti að geyma á hentugum stað sem er miðsvæðis. Komdu honum fyrir nálægt síma svo hægt sé að hringja í neyðarlækningjónustu og ná PAD búnaðinum á sem stystum tíma. Nokkur mikilvæg atriði sem ber að hafa í huga við geymslu:

- ▶ Geyma skal PAD búnaðinn á hentugum stað svo auðvelt sé að nálgast hann.
- ▶ Ekki læsa staðnum þar sem PAD búnaðurinn er geymdur.
- ▶ Geyma skal PAD búnaðinn í hreinu og þurru umhverfi.



Gerðu allt sem mögulegt er til að tryggja að búnaðurinn sé alltaf aðgengilegur. Láttu alla hugsanlega notendur vita um geymslustað samaritan® PAD.



## UNDIRBÚNINGUR PAD BÚNAÐARINS FYRIR NOTKUN

### SJÁLFSPRÓF

Samaritan® PAD er með sjálfvirku sjálfsprófi sem framkvæmt er vikulega. Sjálfsprófsforritið fer sjálfkrafa í gang og þarfnast ekki notendastjórnunar.

Þegar sjálfsprófi er lokið gefur PAD búnaðurinn frá sér píphljóð. Sjálfsprófsforritið prófar PAD búnaðinn og fullvissar þig um að grunnvirki hans sé í góðu lagi. Sjálfsprófið getur ekki sagt fyrir um hvort rafhláðan og rafstöðskífurnar í samaritan PAD búnaðinum eru útrunnar eða ekki.



Þú þarft að muna eftir að athuga fyrmingardagsetningu Pad-Pak™ reglulega.



Athugaðu hvort auðvelt er að sjá PAD stöðuljósíð. Gakktu úr skugga um að það blikki u.p.b. á 5 sekúndna fresti.

### HVERNIG Á AÐ SKIPTA UM PAD-PAK™

1. Taktu nýja Pad-Pak™ eintakið úr hlífðarpokanum.
2. Fjarlægðu gamla Pad-Pak™ eintakið sem skipta þarf um.
3. Renndu nýja Pad-Pak™ eintakinu í slíðrið á undirhlíð samaritan® PAD þar til það smellur.
4. Þrýstu þétt á Pad-Pak™ til að ganga úr skugga um að það komist alla leið inn.
5. Athuga skal stöðuljós. Ef Pad-Pak™ hefur verið komið fyrir á réttan hátt blikkar stöðuljósíð á u.p.b. 5 sekúndna fresti.
6. Ef á þarf að halda skal láta viðkomandi öryggisstarfsmann sem ber ábyrgð á umhirðu PAD búnaðarins vita.
7. Skráðið viðeigandi upplýsingar sem sýna hvaða dag var skipt um Pad-Pak™ eintakið.
8. Fleggja skal gamla Pad-Pak™ eintakinu.

### HVENÆR Á AÐ SKIPTA UM PAD-PAK™

Endingartími rafhlöðu við notkun getur verið 6 klst við eftirlit eða 30 stúð. eða sambland af hvoru tveggja. Pad-Pak™ sem er í biðham (inni í PAD búnaðinum) hefur það geymsluþol sem kemur fram á fyrmingardagsetningu (yfirleitt 3 ár frá framleiðsludegi). Skipta þarf um rafhlöðu og rafstöðspakka ef:



Komið er fram yfir fyrmingardagsetningu Pad-Pak™



Ef Pad-Pak™ hefur verið notað (sem einnota vara) þjarf að skipta því út fyrir nýtt Pad-Pak™ hylki.

■ Ef stöðuljósíð á PAD búnaðinum blikkar ekki getur verið að skipta þurfi um Pad-Pak™.

■ Til að greina hvers vegna stöðuljósíð blikkar ekki skal lesa kafla um bilanaleit í handbókinni.

### UMHIRÐA

HeartSine mælir með að notendur geri regluleg próf á umhirðu. Ráðlagt umhirðuþróf væri eftirfarandi:

1. Athugaðu stöðuljósíð. Ef stöðuljósíð blikkar ekki hefur komið í ljós vandamál. Lestu kaflann um bilanaleit í þessari handbók.
2. Athugaðu fyrmingardagsetningu Pad-Pak™ eintaksins í PAD búnaðinum. Ef Pad-Pak™ er komið fram yfir notkunardagsetningu skaltu fjarlægja það úr PAD búnaðinum og koma fyrir nýju Pad-Pak™ eintaki. Hafðu samband við næsta löggilta HeartSine dreifaðila til að fá ný eintök.
3. Athugaðu birgðir, fylgihluti og aukahluti hvað varðar skemmdir eða fyrningu. Skiptu um þá fylgihluti sem eru skemmdir eða komnir fram yfir fyrmingardagsetningu.



- Athugaðu ytra borð samaritan® PAD búnaðarins hvað varðar sprungur eða önnur merki um skemmdir. Hafðu samband við löggiltan HeartSine dreifiaðila ef einhverjar skemmdir koma fram.
- Gakktu úr skugga um að þjálfuðum björgunaraðilum sé kunnugt um geymslustað PAD búnaðar og að hann sé aðgengur viðkomandi björgunaraðilum hvenær sem er.
- Gakktu úr skugga um að allir þjálfaðir björgunaraðilar hafi hlotið nýjustu gráðu þjálfunar, bæði hvað varðar endurlífingur (CPR) og AED notkun. Hægt er að fá upplýsingar um viðeigandi tíðni endurþjálfunar hjá því fyrirtæki eða þeim aðila sem veitir þjálfunina.

### STÖÐULJÓS

Á samaritan® PAD búnaðinum er stöðuljós. Þetta er ljós sem blikkar u.þ.b. einu sinni á fimm sekúndna fresti. Þegar það blikkar gefur það til kynna að PAD búnaðurinn sé tilbúinn til notkunar. Ef ljósið blikkar ekki er það merki um að eitthvað sé í ólagi hvað varðar samaritan® PAD búnaðinn. Ef slíkt kemur upp skaltu lefa kaflann um bílanaleit til að fá frekari leiðbeiningar og ráð varðandi það sem getur verið í ólagi.



Þetta er ljós sem blikkar ~ einu sinni á fimm sekúndna fresti. Þegar það blikkar táknar það að PAD búnaðurinn sé tilbúinn til notkunar.

### SAMARITAN® PAD MJÚK TASKA

Samaritan® PAD búnaðurinn og samaritan® PAD mjúka taskan eru hönnuð til að gera björgunarmanni kleyft að nota samaritan® PAD búnaðinn án þess að þurfa að nota burðartöskuna.



Gagnsætt yfirlag úr plasti verndar samaritan® PAD búnaðinn en gerir björgunarmanni um leið kleift að nota tækið. Ef PAD búnaðurinn er geymdur í mjúku töskunni er ekki nauðsynlegt að taka hann úr töskunni við notkun.



Togaðu í GRÆNA flippann til að fjarlægja rafskautin.



### ÞRIF Á PAD BÚNAÐINUM

Þegar þrifa á samaritan® PAD búnaðinn skal strjúka hann með mjúkom klút vættum með öðru eftirfarandi efna:

- ▶ Sápuvatni
- ▶ Ísóprópylalkóhóli (70% lausn).

**Ekki má setja nokkurn hluta PAD búnaðarins á kaf í vatni eða nokkurn annan vökva.**



**Snerting við vökva getur orsakað alvarlegar skemmdir á búnaðinum, eða valdið eldsvoða eða hættulegum rafstraumi.**



**Ekki má þrifa samaritan® PAD búnaðinn með svarfefnum, -þvottaefnum eða -lausnum.**



## HVERNIG Á AÐ NOTA PAD BÚNAÐINN

HeartSine samaritan® PAD búnaðurinn er hannaður til meðhöndlunar á skyndilegu hjartastoppi (SCA). Aðeins ætti að nota hann til að meðhöndla einstakling sem þjáist hugsanlega af SCA og:



sýnir ekki viðbrögð við áreiti,



andar ekki,



sýnir ekkert lífsmark.

Ef einstaklingurinn sýnir engin viðbrögð en þú ert ekki viss um að hann sé með SCA skaltu byrja á endurlífgun (CPR). Þegar á við skaltu nota rafstuðtækið og fylgja fyrrmælunum sem þú hefur.

**PAD búnaðurinn gefur aðeins frá sér stuð ef á þarf að halda. Raddskipun mun láta þig vita hvenær þú átt að þrýsta á stuðtakkann til að gefa rafstuðsmeðferð.**



**Samaritan® PAD búnaðinn á ekki að nota á einstakling sem sýnir viðbrögð þegar hann er hristur eða andar á eðlilegan hátt.**



Gakktu úr skugga um að enginn björgunarmaður eða aðrir nærstaddir snerti sjúklinginn á meðan PAD búnaðurinn metur takt hjarta sjúklingins eða á meðan rafstuð er gefið.

## UNDIRSTÖÐUATRÍÐI ENDURLÍFGUNAR (CPR)

Eftirfarandi er stutt lýsing á aðalatriðum endurlífgunar (CPR) fyrir ófaglærða björgunarmenn samkvæmt tilmælum Bandarísku hjartasamtakanna (AHA) og Evrópska endurlífgunarráðsins (ERC) í leiðbeiningum þeirra sem gefnar voru út árið 2005 um endurlífgun (CPR) og hjartalífgun (ECC). Þessar upplýsingar eru aðeins ætlaðar sem skyndiupprifun fyrir einstaklinga sem eru þjálfaðir í að framkvæma endurlífgun (CPR). HeartSine mælir með að allir hugsanlegir notendur samaritan® PAD búnaðarins hljóti þjálfun hjá hæfu þjálfunaryfirtæki, bæði í endurlífgun (CPR) og við notkun PAD búnaðarins, áður en samaritan® PAD búnaður er tekinn í notkun.

### AÐGERÐIR FYRIR RAFSTUÐ

Áður en PAD búnaður er notaður er ráðlagt að framkvæma eftirfarandi próf og aðgerðir til að undirbúa sjúklinginn:



Fjarlægjið fatnað þannig að ber bringuna sjáist.



Ef viðkomandi er mjög loðinn skal raka hár af þeim svæðum þar sem koma á rafstuðsskifunum fyrir.



Gakktu úr skugga um að bringa sjúklings sé þurr. Þurrkaðu bringuna ef á þarf að halda.

## CPR LEIÐBEININGAR 2005

**HRINGDU í 112, náðu í AED tækio**



**horðu, finndu, hlustaðu**



**2 blástrar - 30 hnoð.**



**ÞAR TIL NEYÐARLÆKNISHJÁLPS FÆST 30/2**



HeartSine PAD 300

Skiptast skal á við annan einstakling eftir eina lotu eða 2 mínútur

**BREGST EINSTAKLINGURINN EKKI VIÐ ÁREITI? ERU ENGIN LÍFSMÖRK?**

**Ávarpaðu einstaklinginn & hristu öxl hans!**

Fáðu aðra til að hjálpa þér og skiptast á við endurlífgun (CPR)!



**OPNA SKAL ÖNDUNARVEG & ATHUGA ÖNDUN!**

**2 blástrar, ef á þarf að halda**




**FRAMKVÆMA SKAL ENDURLÍFGUN (CPR)...  
... þar til AED tæki fæst**

**EDA þar til neyðarlæknir birtist**

**Ef AED TÆKI FÆST skal kveikja á ON & fara eftir leiðbeiningum**

Skyndikort, Notendaleiðbeiningar





## AÐ GEFA RAFSTUD

### SKREF 1



Kallaðu eftir læknishjálpi!

### SKREF 2

Leggðu PAD búnaðinn á flatt yfirborð.

### SKREF 3



▶ Þrýstu á ON/OFF takka og opnaðu GRÆNA flipann á mjúku töskunni



*Samaritan® PAD búnaðurinn er virkur og þú munt heyra eftirfarand i skipanir:*



▶ **KALLAÐU á læknishjálpi**

▶ **Fjarlægðu fatnað af bringu sjúklings svo ber húð komi í ljós**

Til að tryggja að ekki komi fram truflanir þarftu að nota PAD búnaðinn minnst í 2 m (6 feta) fjarlægð frá öllum FR búnaði (rafbylgjubúnaði) og öðrum búnaði sem getur haft svipuð áhrif. Annars skaltu slökkva á búnaði sem verður fyrir eða veldur rafsegultruflunum.



### SKREF 4

▶ **Togaðu í græna flipann til að fjarlægja Pad búnaðinn**



Taktu í SEINNI GRÆNA flipann á Pad-Pak™ búnaðinum og TOGAÐU.

### SKREF 5

Fjarlægðu fatnað til að bringa sjúklingsins sjáist. Ef sjúklingurinn er mjög loðinn á bringunni, skaltu raka svæðið þar sem á að koma rafskautunum fyrir.



▶ **Fjarlægðu skifurnar af limhlifinni**



Fjarlægðu rafskautin af limhlifinni...



▶ **Komdu skifunum fyrir á berri bringu sjúklings eins og sést á myndinni**

... og komdu þeim fyrir á berri bringunni eins og lýst er á rafskautunum.



▶ **Þrýstu skifunum þétt á bera húð sjúklingsins**

## AÐ GEFA RAFSTUD

Komið rafskautunum fyrir á bringu sjúklings eins og lýst er hér að neðan. Sternum og Apex rafskautaskífur eru greinilega merktar viðeigandi rafskauti.






Þrýstið rafskautunum þétt á bera bringu sjúklings til að tryggja að nægileg snerting verði.

**Miklu máli skiptir að koma skífunum rétt fyrir. Það er nauðsynlegt að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum um staðsetningu skífanna í samræmi við það sem kemur fram á áletrunum og við þjálfun. Ef illa tekst til við að líma skífurnar getur slíkt hindrað árangur af meðferðinni eða valdið meiriháttar bruna á húð sjúklings þegar honum er gefið stuð til meðhöndlunar.**



### SKREF 6

Þegar búið er að festa rafskautaskífurnar á sjúklinginn á réttan hátt heyrir þú eftirfarandi skipanir:

-  **Verið er að meta takt hjartans**
-  **Ekki snerta sjúklinginn**
-  **Standa skal fjarri sjúklingi**



Ljósín sem gefa til kynna að ekki megi snerta sjúkling (hér að neðan) kvikna á PAD búnaðinum.

**Ef sjúklingur er snertur meðan á greiningarstigi meðferðarinnar stendur getur það valdið truflunum í sjúkdómsgreiningarferlinu. Forðast skal snertingu við sjúklinginn meðan á greiningu stendur. Búnaðurinn mun láta þig vita þegar öruggt er að snerta sjúklinginn.**



### ATHUGIÐ



Farðu eftir leiðbeiningunum sem þú heyrir. Ekki snerta sjúklinginn eða leyfa nokkrum öðrum að snerta hann á meðan PAD búnaðurinn vinnur að greiningu. Eftir að greiningu lýkur mun PAD búnaðurinn ráðleggja æskilega meðhöndlun. Passa þarf að halda sjúklingi kyrrum. Ef sjúklingurinn hreyfir sig getur það valdið rangri, seinkaðri eða árangurslítilli greiningu og meðferð. Samaritan® PAD búnaðurinn gefur frá sér rafstuð sem getur skaðað notendur og nærstadda. Passa þarf upp á það að enginn snerti sjúklinginn þegar honum er gefið stuð.



## AÐ GEFA RAFSTUÐ

### SKREF 7

Ef sjúklingurinn þarf á stuðmeðhöndlun að halda byrjar PAD búnaðurinn að hlaðast. Við slíkar kringumstæður heyrir þú eftirfarandi skipanir:

▶ **Mælt er með að gefa stuð**

▶ **Standa skal fjarri sjúklingi**

Samaritan® PAD búnaðurinn gefur frá sér rafstuð sem geta valdið alvarlegum skaða á notendum og nærstöddum. Passa þarf upp á það að enginn snerti sjúklinginn þegar honum er gefið stuð.



### SKREF 8

Þegar PAD búnaðurinn er nægilega hlaðinn heyrir þú skipunina:



Stuðtakkinn mun blikka

▶ **Nú skal þrýsta á stuðtakkann**



Gakktu úr skugga um að enginn snerti sjúklinginn. Þegar þú ert viss um að enginn snerti sjúklinginn skaltu þrýsta á stuðtakkann til að hefja meðferðina.



Samaritan® PAD búnaðurinn gefur aðeins stuð ef það er nauðsynlegt.

### AHA/ERC 2000 stilling

- ▶ **Öruggt er að snerta sjúklinginn**
- ▶ **Athuga skal öndunarveg**
- ▶ **Athuga skal öndun**
- ▶ **Athuga skal blóðflæði**
- ▶ **Ef þarf skal hefja endurlifgun (CPR)**



Ef þarf skal hefja endurlifgun (CPR)



PAD búnaðurinn heldur áfram 3 stiga stigandi kraftstuðsham með einnar mínútu hléi fyrir endurlifgun (CPR).

AHA/ERC 2000  
150J-150J-200J

Hægt er að fylgjast með krafti og CPR stillingu búnaðarins með því að lesa áletrunina á fremra þeli búnaðarins: e.g.

### SKREF 9



Farðu eftir raddskipunum þar til neyðarþjónusta mætir á staðinn.

**AHA/ERC 2005 stilling**

▶ **Öruggt er að snerta sjúklinginn**

▶ **Hefja skal endurlífgun (CPR)**



Hefja skal endurlífgun (CPR) tafarlaust.

PAD búnaðurinn verður í CPR-ham í 2 mínútur. Eftir 2 mínútna endurlífgun (CPR) heyrir þú eftirfarandi skipun:



▶ **Stöðva skal CPR**

PAD búnaðurinn hverfur nú aftur að skrefi 6. Gakktu úr skugga um að enginn snerti sjúklinginn og haltu áfram eins og áður.

**ATHUGIÐ FRAMKVÆMD ENDURLÍFGUNAR (CPR)**

Þegar endurlífgun (CPR) er framkvæmt skaltu fylgjast með PAD búnaðinum og hlusta á hann. Líjósið sem heimilær snertingu mun nú blikka. PAD búnaðurinn getur gefið frá sér 100 pípahljóð á mínútu til leiðbeiningar fyrir endurlífgun (CPR) ef hann er stilltur á þann hátt. Talan 100 er ráðiðgöð tíðni fyrir hnoð samkvæmt AHA/ERC leiðbeiningum frá 2005.

HeartSine söluaðilinn hefur þjálfað þig í því ákveðna meðferðarformi við SCA sem þú hefur valið. Þú skalt alltaf fara eftir þeim hljóð- og myndrænu skipunum sem PAD búnaðurinn gefur þér.

**ATHUGIÐ ÖRYGGI NOTENDA OG NÆRSTADDRÁ**

Ekki snerta sjúklinginn meðan á greiningu PAD búnaðarins eða rafstuðsmeðferð standur. Rafstuðskraftur getur valdið meiðslum.

Svo lengi sem rafstuðtækið er notað samkvæmt fyrimælum og enginn er í snertingu við sjúklinginn þegar þrýst er á stuðtakkann er engin hættá á að björgunarmaður eða nærstaddir slasist. Samaritan® PAD búnaðurinn getur ekki gefið frá sér stuð nema rafskautum sé komið fyrir á einstaklingi sem þarf á stuði í hjarta að halda.



Sjá frekari upplýsingar í kafla um aðvaranir og varúðarráðstafanir.



## EFTIR NOTKUN PAD BÚNAÐARINS

Eftir notkun Samaritan® PAD búnaðarins mælir HeartSine Technologies með eftirfarandi aðgerðum:



1. Notaðu Saver™ hugbúnaðinn til að hlæða inn upplýsingum um meðferðina sem var gefin og komdu þeim fyrir á víðeigandi stað. (Ef þú hefur ekki Saver hugbúnað skaltu hafa samband við söluaðila sem getur látið hlæða inn upplýsingunum um atvikid).

2. Fjarlægðu notuðu Pad-Pak™ eininguna úr Samaritan® PAD búnaðinum og fargaðu á víðeigandi hátt. (Sjá leiðbeiningar um víðeigandi aðferðir við förgun í kafla um förgun Pad-Pak™).

3. Athugaðu ytra borð samaritan® PAD búnaðarins hvað varðar sprungur eða önnur merki um skemmdir. Hafðu tafarlaust samband við dreifaðila eða HeartSine™ Technologies ef einhverjar skemmdir koma í ljós.

4. Athugaðu ytra borð samaritan® PAD hvað varðar óhreinindi eða kám. Ef á þarf að halda skaltu þrifa búnaðinn með samþykktun hreinsiefnum.

5. Athugaðu birgðir, fylgihluti og aukahluti hvað varðar skemmdir eða fyringu. Skiptu tafarlaust um þá hluti sem eru skemmdir eða komnir fram yfir fyrningardagsetningu. Hafðu samband við löggiltan HeartSine söluaðila.

6. Uppsetning á nýjum Pad-Pak™. Áður en þú kemur nýjum Pad-Pak™ fyrir skaltu ganga úr skugga um að ekki sé komið fram yfir fyrningardagsetningu.



7. Eftir uppsetningu á nýjum Pad-Pak™ skaltu athuga stöðuljósið. Ef stöðuljósið blikkar ekki skaltu lesa klaflann um bilanaleit í þessari handbók. Ef vandamálið hverfur ekki skaltu hafa samband við HeartSine eða næsta löggilta söluaðila og fá tæknilega aðstoð.

8. Kveiktu á PAD búnaðinum og gakkðu úr skugga um að PAD búnaðurinn virki á eðlilegan hátt, þ.e. að skipunin "Kallaðu á læknishjálp" heyrist. Slökktu á PAD búnaðinum.


9. Hafðu samband við HeartSine eftir notkun. Við hjá HeartSine viljum endilega heyra frá viðskiptavinum okkar þegar þeir hafa notað vörurnar frá okkur, jafnvel ef meðferðin var ekki gefin sem hluti af atvikinu sem kom upp. Þess háttar upplýsingar eru mikilvægar hvað varðar áframhaldandi þróun vörunnar.

### BILANALET

Athugaðu fyrningardagsetningu Pad-Pak™. Skiptu um Pad-Pak™ ef komið er fram yfir fyrningardagsetningu.

- ▶ Ef stöðuljós blikkar enn ekki eða
- ▶ aðvörunarskilaboð heyrst þegar kveikt er á samaritan Pad búnaðinum eða
- ▶ þig grunar af einhverjum ástæðum að samaritan® PAD búnaðurinn virki ekki sem skyldi, skaltu hafa samband við löggiltan söluaðila eða beint við HeartSine til að fá aðstoð (support@heartsine.com).

## AÐVARANIR OG VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

 Samaritan® PAD búnaðurinn á að notast af einstaklingi sem hefur hlotið þjálfun við notkun hans.

Samaritan® PAD búnaðurinn getur gefið frá sér rafstuð til meðhöndlunar. Rafstuð getur valdið alvarlegum skaða á notendum eða nærstöddum. Passa þarf upp á að hvorki notendur né nærstaddir snerti sjúklinginn þegar stuð er gefið.



Til að koma í veg fyrir truflanir þarf að nota samaritan PAD búnaðinn í 2 metra (6 feta) fjarlægð frá öllum RF búnaði (rafbylgjubúnaði) og öðrum búnaði sem getur orsakað truflanir. Annars skal slökkva á þeim búnaði sem verður fyrir eða veldur rafsegultruflunum.



Samaritan® PAD búnaðurinn er hannaður til notkunar á meðvitundarlausum sjúklingum sem sýna engin viðbrögð við áreiti. Ef sjúklingurinn sýnir viðbrögð eða er með meðvitund má ekki meðhöndla hann með samaritan® PAD búnaðinum.




Ef sjúklingurinn er snertur meðan á greiningarstigi meðhöndlunar stendur getur það valdið truflunum í sjúkdómsgreiningarferlinu. Forðast skal að snerta sjúklinginn meðan á greiningu stendur. Búnaðurinn lætur þig vita þegar öruggt er að snerta sjúklinginn.



Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að samaritan® PAD búnaðurinn sé öruggur til notkunar samhliða súrefnisgrímukerfum. Hins vegar er lögð áhersla á það að ekki ætti að nota samaritan® PAD búnaðinn nærri sprengifimum lofttegundum, vegna sprengihættu. Þetta á við um eldfim deyfiefni og þjappað súrefni.



 Samaritan PAD búnaðinn má aðeins nota á sjúklinga sem eru 8 ára eða eldri.

Miklu máli skiptir að koma samaritan® PAD skífum fyrir á réttan hátt. Höfuðmáli skiptir að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum um staðsetningu skífanna í samræmi við það sem fram kemur á áletrunum og við þjálfun. Passa verður upp á það að skífur limest almennilega á húð sjúklings. Ekki má sitja eftir neitt loftgat á milli limskífanna og húðarinnar. Ef skífurnar eru ekki limdar á réttan hátt getur slíkt hindrað árangur af meðferð eða valdið verulegum bruna á húð sjúklings ef stuð er gefið til meðhöndlunar. Hugsanlegt er að húðin roðni eftir notkun en það telst vera eðlilegt.



Nauðsynlegt er að athuga búnaðinn reglulega til að ganga úr skugga um það, meðal annars, að samaritan® PAD búnaðurinn sé ekki skemmdur á nokkurn hátt.



Pad-Pak™ er einnota vara og skipta þarf um hann eftir hverja notkun og þegar pokinn sem verndar skífurnar hefur skemmt/orðið fyrir hnjaski á einhvern hátt. Ef grunur liggur á skemmdum þarf að skipta tafarlaust um Pad-Pak™ eintak.



### AÐ TILKYNNNA UM SLYS

Sem notandi sjálfvirks rafstuðtækis þarft þú að tilkynna HeartSine un hvert það atvik þegar grunur leikur á um að PAD búnaðurinn hafi valdið dauða, alvarlegum meiðslum eða sjúkdómi. Ef þig grunar eitthvað slíkt skaltu tilkynna HeartSine það beint eða í gegnum löggiltan HeartSine söluaðila.



## ORÐALISTI

### Pad-Pak™

Pad-Pak™ er bakki sem passar inn í samaritan® PAD búnaðinn. Pakkinn inniheldur rafskaut fyrir rafstuð og rafhlöðu sem veitir samaritan® PAD búnaðinum rafmagn. Togaðu í græna flippann til að nálgast rafstuðsskifurnar.

### Tvífasa stuð

Tvífasa stuð er rafrænn straumur sem berst gegnum hjartað, fyrst í eina átt og síðan í aðra.

### Rafstuðsskifur

Rafstuðsskifur eru rafskautin sem eru tengd við bringu sjúklings til þess að hægt sé að meðhöndla hann.

### Rafsegultruflanir

Rafsegultruflanir eru bylgjutruflun sem getur valdið rangri starfsemi rafefnaáritaunar.

### Mæling samviðnáms

Mæling samviðnáms er próf sem framkvæmt er til að athuga öryggi þess að snerta PAD sjúkling.

### Samaritan® PAD

PAD búnaðurinn er hálfjálfvirkur og notaður til að gefa útvortis rafstuðsmeðferð til endurlífgunar á einstaklingum sem upplifa SCA, sýna ekki viðbrögð við áreiti, anda ekki eða sýna ekki lífsmörk.

### Saver™

Saver™ hugbúnaðinn má nota ásamt PAD búnaðinum og USB snúru. Hann getur safnað og sýnt upplýsingar um meðferð sem gefin hefur verið með samaritan® PAD búnaðinum. Saver™ hugbúnaðinn má einnig nota til stíllingar á PAD búnaðinum.

### SCOPE™

SCOPE™ (Self-Compensating Output Pulse Envelope Waveform) er tvífasa tækni þróuð af HeartSine sem er hluti af samaritan® PAD búnaðinum.

### Sínustaktur

Sínustaktur er sá eðlilegi rafræni taktur sem gerir hjartavöðvanum kleyft að dragast saman og þenjast út til að skapa blóðrennsli um líkamann.

### Sleglatíf

Það er lífhættulegur taktur hjartans sem hægt er að meðhöndla með samaritan® PAD meðferð.

### FREKARI UPPLÝSINGAR

Eintak af samaritan® PAD notendahandbókinni í heild sinn er að finna á vefnum [www.heartsine.com](http://www.heartsine.com) og einnig er hægt að biðja um hana á geisladiski (USA).

Ef þú hefur fengið tækifæri til að nota Samaritan® PAD búnaðinn eða ef þú þarft á frekari upplýsingum að halda um samaritan® PAD búnaðinn, fylgihluti hans eða aðrar vörur skaltu hafa samband við okkur.

## SKAMMSTAFANIR

### CPR

Endurlífgun

### CPR-D

Endurlífgun-Rafstuð

### SCA

Skýndilegt hjartastopp

### VF

Sleglatíf

### BLS

Grunnendurlífgun

### ACLS

Sérhæfð endurlífgun

## VÖRULISTI (ÚRVAL)

### PAD BÚNAÐUR

PAD-BAS-05	PAD Grunnbjörgunarkerfi, AHA/ERC 2005 Leiðbeiningar
PAD-DAT-05	PAD með gagnastjórnunarpakka, AHA/ERC 2005 Leiðbeiningar
PAD-FIR-05	PAD Fyrsta hjálp, AHA/ERC 2005 Leiðbeiningar
PAD-TRN-05	PAD með þjálfunarsetti, AHA/ERC 2005 Leiðbeiningar

### BÚNAÐUR TIL FÖRGUNAR EFTIR NOTKUN

PAD-PAK-01	Pad-Pak™ ADULT Hylki
PAD-PAK-02	Pad-Pak™ PAEDIATRIC Hylki (2007)

### GANGNAUMSÝSLA & FYLGIHLUTIR

PAD-ACC-01	USB Snúra með SAVER™ hugbúnaðargeisladiski & leyfi
PAD-ACC-02	USB gagnahleðslunúra
PAD-ACC-03	SAVER™ hugbúnaður (SAVER hugbúnaðargeisladiskur & leyfi)
PAD-ACC-04	Þríhyrnt veggspjald (AED veggspjaldi fylgir þríhyrnt vegguppsetning)
PAD-ACC-09	PAD undirbúningssett
PAD-ACC-16	Endurlífgunarpoki með O2 tengi og grímu fyrir fullorðinn

### FLUTNINGUR & TÖSKUR

PAD-BAG-01	Mjúk flutningstaska
PAD-BAG-02	Hörð flutningstaska (Pelican, gul, úr hörðu efni með frauðplasti að innanverðu)
PAD-BAG-03	Bakpoki fyrir fyrstu hjálp (PAD CODRA bakpoki, rauður, létt gerð)
PAD-BAG-04	Bakpoki fyrir atvinnubjörgunarmenn (PAD CODRA EMC)
PAD-CAB-01	Björgunarhólf með viðvörðunarkerfi - grunntegund
PAD-CAB-02	Veggfesting - samaritan® PAD
PAD-CAB-03	Festing fyrir ökutæki (USA/UK)

### ÞJÁLFUNARKERFI & LESMÁL

TRN-SYS-05	PAD Þjálfunarkerfi, AHA/ERC 2000 & 2005 Leiðbeiningar
TNR-ACC-01	Aukarafhlöðuhleðslutæki
TNR-ACC-02	Þjálfunarskifur (10 í pakka)
TNR-ACC-03	Þjálfunarskifur (25 í pakka)

VINSAMLEGAST BIDDU UM FREKARI UPPLÝSINGAR OG HEILDARVÖRULISTA

**Worldwide Headquarters:**  
HeartSine Technologies Inc  
105 Terry Drive  
Newtown  
PA 18940 - USA

Tel: 1.215.860.8100  
Fax: 1.215.860.8192

**Manufactured by:**  
HeartSine Technologies Ltd  
Canberra House  
203 Airport Road West  
Belfast BT3 9ED - Northern Ireland

Tel: +44 (0)28 9093 9400  
Fax: +44 (0)28 9093 9401

**CE**  
**0120**

Löggiltur dreifiaðili

[support@heartsine.com](mailto:support@heartsine.com)  
[www.heartsine.com](http://www.heartsine.com)